

## Auglýsing

um breyting á 14. gr. og 39. gr. heilbrigðissamþykta fyrir

Reykjavík 30. janúar 1905.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykta fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest breyting á 14. gr. og 39. gr. heilbrigðissamþykta fyrir Reykjavík 30. janúar 1905.

Skulu greinarnar hljóða þannig:

### 14. gr.

Ef ræsi er gert fram með götu á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum fram með götunni þeim megin, sem ræsið er, skyldir að gera skolpræsi hver frá sinu húsu út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gerð en göturæsið.

Sje holræsi lagt í götu, skulu lóðareigendur beggja megin leggja samskonar ræsi með eftirliti veganeftndar frá húsum sínum út í göturæsið, er eigi sjeu lakari en það.

### 39. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisneftndar. Enginn má selja mjólk í stærri eða smærri stíl, nema hann hafi áður tilkynt það skriflega heilbrigðisneftndinni.

Í nýmjólk skal fita vera minst 3%, en í undanrennu minst 1/2%.

Bannað getur heilbrigðisneftnd mjólkursölu, ef óprifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósunum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt sje að forðast að mjólkin óhreinist.

Bannað er að selja mjólk,

1. sem er óeðlileg á lit, beisk eða sölt á bragð, slæm á lykt, slímkend, blóðblandin, strimluð eða yst.

2. sem er úr veikum kúm, svo að ástæða sje til að ætla, að hún sje óholl neytendunum.

3. sem blönduð er vatni, is eða öðrum efnum, hvort heldur þau efni kúnna að vera sett í mjólkina til þess að hún haldi sjer betur, eða í öðrum tilgangi,

4. sem er óhrein; — óhrein er mjólkin, þegar ýmislegt grugg sest undir hana á tveim klukkustundum.

Ekki má flytja, geyma eða selja mjólk í ilátum úr eir, messing eða sinki, nema tinuð sjeu, nje ryðguðum ilátum, nje yfir höfuð þeim ilátum, er áhrif geta haft á mjólkina. Ílátin skulu vera svo opvið, að komast megi með hendi ofan í þau, til þess að þvo þau innan. Á mjólkurmálum skal vera handfang, svo eigi þurfi að snerta mjólkina með höndunum, þegar hún er mæld út. Mjólkurilát má aldrei hafa undir annað en mjólk, og úr mjólkurmálum má aldrei drekka.

Herbergjum þeim, sem mjólk er geymd eða seld í, skal haldið vel hreinu. Þau skulu vera loftgóð og björt. Í mjólkurbúðum má ekki án leyfis heilbrigðisnefndar hafa aðra vöru en brauð, kökur, mjólk, grjón, smjör, smjörliki og egg. Eigi má hafa þar íbúð eða sofa að nóttunni.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómar gengur á heimilinu. Hún getur og bannað að menn, er hafa einhvernum þann kvilla, er hætta eða viðbjóður stafar af, fari með sölumjólk.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 27. febrúar 1908.

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*G. Sveinbjörnsson*  
aðstm.

## Reikningur

34

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins níunda fyrir árið 1907.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj. tíð. 1907 B, bls. 42):		
a. Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 84 . . . . .	kr. 8600,00	
b. Í Landsbankanum . . . . .	— 1631,69	
		kr. 10231,69
2. Ársvextir:		
a. Af innritunarskirteini til $11/6$ og $11/12$ '07 . . . . .	kr. 301,00	
b. — fje í Landsbankanum . . . . .	— 3,33	
c. — veðskuldabrefum . . . . .	— 27,63	
		— 331,96
		Samtals kr. 10563,65

### Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Helga Þórarinssyni, Þykkvabæjarklaustri . . . . .	kr. 140,00	
b. Jóni Árnasyni, Þorlákshöfn . . . . .	— 140,00	
		— 280,00
2. Sjóður við árslok:		
a. Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 84 . . . . .	kr. 8600,00	
b. Veðskuldabref . . . . .	— 1600,00	
c. Í Landsbankanum . . . . .	— 83,65	
		— 10283,65
		Samtals kr. 10563,65

Í stjórnarráði Íslands, 3. janúar 1908.

F. h. r.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*